

Nefndasvið Alþingis,  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík.

Alþingi  
Erindi nr. *P 121 / 2384*  
komudagur *20.6.1997*

Hvammstanga 12. júní 1997

Málefni: Umsagnir um þingmál.

Á fundi stjórnar SSNV sem haldinn var á Siglufirði miðvikudaginn 14. maí sl. voru á dagskrá erindi frá Alþingi þar sem óskað er eftir umsögn um fimm þingmál og var eftirfarandi bókun gerð:


Erindi frá Alþingi:

1. Umsögn um frumvarp til laga um veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands.
2. Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um bæjarnöfn o.fl. nr. 35/1953 með síðari breytingum.
3. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlanir sveitarfélaga um sjálfbæra þróun.
4. Umsögn um frumvarp til íþróttalaga.
5. Umsögn um frumvarp til laga um lækkun fasteignaskatts og hlutdeild sveitarfélaga í virðisaukaskatti.

Stjórnin gerir ekki athugasemdir við liði 1, 2 og 3. Varðandi 4. lið bendir stjórnin á að með frumvarpinu er verið að auka verksvið íþróttasjóðs án þess að honum séu tryggðar tekjur til að standa straum af þeim verkefnum sem honum eru ætluð. Lagt er til að íþróttasjóði verði markaður fastur tekjustofn í samræmi við fyrirhuguð verkefni.

Varðandi 5. lið varð stjórn SSNV sammála um að slík skattbreyting sem lögð er til í frumvarpinu þurfi viðtæka kynningu og almenna umræðu á vettvangi sveitarstjórna. Því er ekki tekin afstaða til frumvarpsins að svo stöddu.

Virðingarfyllst

  
Bjarni Þór Einarsson  
framkvæmdastjóri SSNV.